

Köngulóarvefur

Aldur barna	2-3 ára	3-4 ára	4-5 ára	5-6 ára
Námssvið	Læsi og samskipti	Heilbrigði og vellíðan	Sjálfbærni og vísindi	Sköpun og menning
Aðstæður	Umhverfi	Á opnu svæði.	Árstíð	Engin sérstök árstíð.

Lýsing á verkefni

- Börnin standa í hring og leikskólakennarinn einnig. Kennarinn byrjar á því að nefna nafn eins barnsins og kasta til þess garnhnykli þannig að hann reki sig áfram til barnsins.
- Barnið heldur í garnið, nefnir nafn annars barns og kastar því næst hnyklinum áfram til þess. Þannig rekur garnið sig áfram frá einu barni til annars og myndar stóran köngulóarvef á milli allra.
- Þegar garnið er undið upp í hnykil, frá einu barni til annars, er hægt að nota tækifærið og láta hvert barn t.d. segja nafn á einu blómi, fuglategund eða hverju sem er.
- Einnig má tengja garnhnykilinn við sögusmíð, sjá t.d. **Þögusmía með sandpoka**.

Gögn

Garnhnykill

